

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgarsíða 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Viglundur Rúnar Pétursson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit hvað varðar mælingar á olíu í fráveitu, þrýstiprófanir lagna og botnþykktarmælingar geyma og skil á umhverfismarkmiðum. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar til rekstraraðila en starfsleyfi var gefið út þann 19. mars 2015. Var starfsemin áður undir eftirliti hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Um er að ræða bikbirgðastöð á Hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Einn 9600 m³ geymir er í stöðinni sem geymir asfalt og annar minni 45.000L tankur sem geymir lífolíu en rúmaði áður whitspritt. Stöðin er byggð árið 1999 og voru geymarnir nýjir þá.

Geymarnir hafa ekki verið botnþykktarmældir síðan þeir voru settir upp árið 1999. Lagnir voru einnig þrýstimældar við uppsetningu en ekki eftir það fyrir utan daglegt viðhald og yfirferð. Löndunarlögn liggur ofanjarðar á lóð en í steyptri rennu út að höfninni. Olíuhitun er í stokknum og þéttikápa.

Lífolíugeymir stendur í steyptri pró. Niðurföll á plani eru tengd olíuskilju. Asfalt geymir stendur á malarplani. Ídræg efni voru geymd í stöðvarhúsi.

5 bambar af IMPACT 8000 yfirúðunarefni (vantar kannski betra orð yfir þetta) stóðu á plani við asfaltgeymi og bíða þess að fara inn í gám sem stendur á planinu.

Olíuskilja er yfirfarin reglulega en stendur hún tóm og lítið sem ekkert álag er á henni. Lítið er um úrgangsolíu en bæta þarf glussa á hitakerfi löndunarlagnar reglulega og kemur hann í 20L brúsum sem geymdir eru í stöðvarhúsi.

Asfaltgeymirinn stendur aldrei tómur en til stendur að tæma hann nú í haust og botnþykktarmæla.

Engar hljóðmælingar hafa farið fram en hávaði við lóðarmörk er óverulegur.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, áhættumat, viðbragðsáætlun og afrit af starfsleyfi voru á staðnum og umhverfismarkmið voru afhend í eftirliti.

Góðar verklagsreglur við löndun eru í rekstrarhandbók. Daglegar skráningar og viðhaldskráningar eru færðar í dagbók og sendar til þjónustudeildar.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Girðingar voru í lagi og vel við haldið og hlið voru læst. Stöðin er snyrtileg á að líta.

Frávík frá

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 2.4 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinga í fráveituvatni voru ekki aðgengilegar í eftirliti.

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti og botnþykkt og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Mælingar hafa ekki verið gerðar síðan stöðin var byggð, árið 1999.

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 4.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Setja skal umhverfismarkmið fyrir 1. okt 2015. Umhverfismarkmiðunum var skilað í eftirliti og telst því þessu fráviki lokið.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila né rekstraraðila og engin óhöpp hafa orðið á árinu.

Minnt er á að öll gögn skal senda á ust@ust.is og afrit sent á eftirlitsmann.

Reykjavík, 14.06.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir